

Ed.

603. Frumvarp til laga

[292. mál]

um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Starfa skal opinber stofnun, er nefnist Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Stofnunin heyrir undir utanríkisráðuneytið og starfar í tengslum við það.

2. gr.

Stofnunin skal vinna að samstarfi Íslands við þróunarlöndin. Markmið þess samstarfs skal vera að styðja viðleitni stjórnvalda í löndum þessum til að bæta efnahag þeirra og á þann veg eiga þátt í að tryggja félagslegar framfarir og stjórn-málalegt sjálfstæði þeirra á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ennfremur skal að því stefnt með auknum samskiptum, m. a. á sviði menningar og viðskipta, að efla gagnkvæman skilning og samstöðu Íslands og þróunarlandanna.

3. gr.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem kveðið er á um í 2. gr., skal starfsemi stofnunarinnar einkum beinast að eftirtöldum atriðum:

- a) að gera tillögur til utanríkisráðherra um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum, sem fjármögnuð yrðu af íslenska ríkinu skv. fjárlagaheimild, annað hvort eingöngu eða í samvinnu við aðra. Verkefni þessi skulu einkum beinast að því að miðla til umræddra landa reynslu og sérþekkingu, sem Íslendingar búa yfir og þau hafa áhuga á að afla sér.
- b) að skipuleggja, annast framkvæmd og/eða yfirstjórn á og hafa eftirlit með þeim samstarfsverkefnum, sem um ræðir í staflið a þessarar greinar.
- c) að sjá á sama hátt um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum, sem Íslandi kynnu að vera falin af Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra eða öðrum ríkja-samtökum.
- d) að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin og koma upplýsingum þar að lútandi á framfæri við aðila héraendis.
- e) að vinna að auknum menningartengslum, m. a. að því að Ísland taki þátt í menntun fólks frá þróunarlöndunum, bæði veiti því aðgang að héraendum mennta-stofnunum og fái hæfa íslenska menn til að annast kennslu við menntastofnanir í þróunarlöndunum eða sem reknar eru í þágu þróunarlandanna.
- f) að veita aðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þróunarlöndunum, þær upplýsingar og leiðbeiningar, sem þeir kunna að óska.
- g) að vinna að kynningu á þróunarlöndunum og málefnum þeirra með það fyrir augum að efla áhuga almennings, hagsmunasamtaka og hvers konar félaga á auknu samstarfi og aðstoð við þau.
- h) að gangast fyrir samráðum aðila héraendis, sem láta þróunarsamstarf til sín taka, þ. á m. efna til ráðstefna og funda með þeim, eftir því sem þurfa þykir, til þess að tryggja að þróunarsamstarfið verði sem árangursríkast.
- i) að vinna á annan hátt að því að framlög Íslendinga til aðstoðar við þróunarlöndin nái sem fyrst því marki, sem samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum.

4. gr.

Stofnuninni er við framkvæmd samstarfsverkefna skv. stafliðum a og b í 3. gr. heimilt að gera samninga við stofnanir hins opinbera eða aðra aðila héraendis,

sem hafa í fastri þjónustu sinni sérfræðinga og reynda kunnáttumenn á sviði viðkomandi verkefnis, um að taka að sér framkvæmdir einstakra verkefna. Yfir-
stjórn verkefna skal þó ætíð vera hjá stofnuninni. Opinberir aðilar skulu veita stofn-
uninni sérfræðilega aðstoð, eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til samskota meðal almennings í þágu ákveð-
inna verkefna í þróunarlöndunum, þó því aðeins að slík verkefni falli ekki undir
starfssvið annarra hérlendra aðila, sem að slíkum málum starfa.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 7 mönnum. Skulu 6 kjörnir hlutfallskosningu
af sameinuðu Alþingi en 1 skipaður af utanríkisráðherra. Kjörtímabil stjórnarinnar
skal vera 4 ár. Utanríkisráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Varamenn
skulu valdir á sama hátt.

7. gr.

Íslenskir ríkisborgarar, sem stofnunin ræður til starfa í þróunarlöndunum að
framkvæmd samstarfsverkefna á hennar vegum, skulu njóta sömu kjara í skatta-
málum og íslenskir ríkisborgarar, er vinna hjá alþjóðlegum stofnunum.

8. gr.

Kostnaður við stofnunina og framkvæmdir á hennar vegum í þróunarlöndunum
greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

9. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð nánar um framkvæmda-
atriði laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 20 frá
5. apríl 1971.

Greinargerð.

Vorið 1971 samþykkti Alþingi lög um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.
Vandamál þróunarlanda voru þá þegar orðin meðal helstu mála, sem Sameinuðu
þjóðirnar fjölluðu um og allsherjarþingið hafði samþykkt þá stefnuýfirlýsingu,
að þróuðum ríkjum bæri að stefna að því að ekki minna en 1% af þjóðartekjum
þeirra skyldi varið til að jafna þann mismun sem er á kjörum ríkra þjóða og
fátækra.

Fyrstu árin eftir að lög þessi voru samþykkt voru fjárframlög til stofnunar-
innar mjög smá í sniðum og því var sá kostur valinn að beina fénu til samnoræna
aðstoðarverkefna, en Íslendingar gerðust aðilar að samningi Norðurlanda um þau
mál skömmu eftir að stofnuninni var komið á fót. Meðal þeirra verkefna má nefna
samvinnuverkefni í Kenya og Tansaníu og landbúnaðarverkefni í Mosambique og
Tansaníu. Fyrsta tvíhliða verkefni stofnunarinnar var á sviði fiskveiða í Kenya, en
þar hefur stofnunin greitt laun sérfræðings og lagt til ýmis veiðarfæri. Næsta tvíhliða
verkefni og jafnframt langdýrasta verkefni, sem stofnunin hefur lagt í, hófst á
s. l. ári. Það er verkefnið á Cabo Verde, þar sem fjórir Íslendingar eru nú að
störfum við fiskileit og kennslu í fiskveiðum. Var keypt 200 lesta stálskip, Bjartur,
sem notað er við þetta verkefni. Stofnuninni hafa borist ýmsar aðrar aðstoðar-
beiðnir, en ekki hefur enn verið unnt að sinna þeim vegna fjárskorts.

Sú reynsla, sem fengist hefur af störfum stofnunarinnar á undanförunum árum,
leiddi til þess að fyrir nær tveim árum lagði stjórn hennar til við þáverandi utan-

ríkisráðherra, að lögin yrðu endurskoðuð og starfsemin endurskipulögð. Ráðherra féllst á þessa tillögu og fól stjórn stofnunarinnar þetta verkefni. Varð að ráði, með samkomulagi við Alþingi, að kosningu nýrrar stjórnar, sem þá átti að fara fram, yrði frestað meðan á endurskoðun stæði. Tillögur stjórnarinnar bárust um haustið og síðan hafa þær farið til umsagnar nokkurra aðila.

Helstu nýmæli og breytingar í þessu frumvarpi eru:

1. nýtt nafn stofnunarinnar,
2. skilgreining á markmiði samstarfs Íslands við þróunarlöndin,
3. ákvæði um skattakjör þeirra, sem starfa á vegum stofnunarinnar í þróunarlöndum að verkefnum á vegum hennar,
4. breyting á vali stjórnar stofnunarinnar, er stefnir að auknum tengslum hennar við utanríkisráðuneytið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að heiti stofnunarinnar verði Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Talið er, að þetta nafn gefi til kynna að hvaða verkefnum stofnuninni sé ætlað að vinna, því ávallt er um það að ræða, að unnið sé að þróunarverkefnum í samvinnu við stjórnvöld viðkomandi þróunarlands, og allajafna er um að ræða töluvert mótframlag þess. Stofnuninni er eins og áður einkum ætlað það verkefni að annast tvíhliða samstarf við þróunarlöndin.

Um 2. gr.

Talið er eðlilegt að skilgreina í stórum dráttum, hver séu meginmarkmið samstarfs Íslands við þróunarlöndin, sem er verkefni stofnunarinnar. Skilgreining sú, sem hér er lögð til, er að verulegu leyti byggð á dönskum lögum um þróunarsamstarf.

Um 3. gr.

a liður: Fyrri hluti þessa liðar er að mestu samhljóða fyrri hluta 1. töluliðs 2. gr. gildandi laga um Aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Meginbreytingin er í því fólgin, að lagt er til, að stofnunin geri tillögur til utanríkisráðherra um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum. Verður þetta að teljast eðlileg breyting og reyndar staðfesting á þeirri reynslu, sem fengin er af framkvæmd tvíhliða verkefna, sem og af samnorraenum verkefnum, þar sem ávallt þarf að gera samning við viðkomandi þróunarland um framkvæmdaatriði, framlög landanna til verkefnisins o. s. frv., en slík samningsgerð er á valdi utanríkisráðherra, sem og að stofnunin heyrir undir hann. Í seinni hluta þessa liðar er svo kveðið á um, að við val verkefna skuli einkum stefnt að því að miðla þeirri reynslu og sérþekkingu, sem Íslendingar búa yfir.

b liður: Þessi liður er efnislega að verulegu leyti samhljóða seinni hluta 1. töluliðs 2. gr. gildandi laga. Bætt er inn ákvæði um, að stofnunin annist framkvæmd og/eða yfirstjórn samstarfsverkefna. Þetta ákvæði útilokar þó ekki, að stofnunin feli öðrum aðilum framkvæmd einstakra þátta verkefnis, en yfirstjórn verkefna skal þó ætíð vera hjá stofnuninni (sbr. ákv. 4. gr.).

c liður: Þessi liður er efnislega samhljóða 3. tölulið 2. gr. gildandi laga.

d liður: Liður þessi er efnislega samhljóða staflið c í 2. tl. 2. gr. gildandi laga. Áhersla er þó lögð á, að upplýsingum um viðskiptamöguleika sé komið til aðila, sem áhuga kunna að hafa á þeim.

e liður: Er því sem næst samhljóða staflið b í 2. tl. 2. gr. gildandi laga.

f liður: Liður þessi er nær samhljóða staflið d í 2. tl. 2. gr. í gildandi lögum.

g liður: Liður þessi er efnislega samhljóða staflið a í 2. tl. 2. gr. gildandi laga. Orðalagið er þó nokkru ítarlegra.

h liður: Hér er um nýjan lið í verkefnaskrá stofnunarinnar að ræða. Tilgangur þessa ákvæðis er að stuðla að fundum og ráðstefnum þeirra aðila, sem starfa að þróunarmálum, til að tryggja sem bestan árangur starfs þeirra.

i liður: Óbreyttur frá því sem er í 4. tl. 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Segja má að orðalag þessarar greinar sé ný útfærsla á 5. gr. gildandi laga, sem byggir á þeirri reynslu, er þegar er fengin af framkvæmd tvihliða verkefna. Stofnuninni er heimilt að fela sérhæfðum stofnunum framkvæmd einstakra verkefna, en tekið fram, að yfirstjórn þeirra skuli þó ávallt vera hjá stofnuninni. Í lok greinarinnar er ákvæði um, að opinberum aðilum sé skylt að veita stofnuninni sérfræðilega aðstoð eftir því sem við verður komið.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að stjórnarmenn skuli vera 5, allir kjörnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, og utanríkisráðherra skipar síðan formann úr hópi þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að stjórnarmenn verði 7, þar af 6 kjörnir af sameinuðu Alþingi og 1 tilnefndur af ráðherra. Varamenn verði jafnmargir og valdir á sama hátt og aðalmenn. Þetta fyrirkomulag er valið með það í huga, annarsvegar að tryggja víðlæka pólitíska samstöðu um málefnið eins og tilgangur gildandi lagaákvæðis er og samtímis einnig æskileg tengsl framkvæmdar og fjárveitingarvalds og hinsvegar að auka tengsl stjórnarinnar við ráðuneytið, þannig að sá stjórnarmaður, er ráðherra skipar, verði fulltrúi þess í stjórninni. Formaður yrði eins og áður skipaður af ráðherra úr hópi stjórnarmanna og kjörtímabilið óbreytt 4 ár.

Um 7. gr.

Lagt er til að íslenskir ríkisborgarar, sem starfa á vegum stofnunarinnar að framkvæmd samstarfsverkefna, njóti sömu skattkjara og þeir Íslendingar, sem vinna hjá alþjóðastofnunum. Launagreiðslur til sérfræðinga t. d. í fiskveiðum, fiskvinnslu, jarðhitarannsóknnum, og á öðrum þeim sviðum, sem Íslendingar hafa sérþekkingu á, hljóta eðli málsins samkvæmt að verða verulegur þáttur í framlagi Íslands til þeirra samstarfsverkefna, sem stofnunin tekur þátt í. Er því óhjákvæmilegt, að slíkir sérfræðingar njóti sömu skattkjara og þeir njóta, þegar þeir vinna hjá alþjóðastofnunum að hliðstæðum verkefnum. Sé svo ekki, fást þeir ekki til starfa og er þá tómmt mál að tala um tvihliða aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Um 8. gr.

Efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.